

LESBÓK

MORGUNBLAÐSINS
Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík. Framkvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórn: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Aðstoðarritstjóri: Björn Bjarnason. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Auglýsingar: Baldvín Jónsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.





Forsíðan

Myndin er af Björgu Örvar listmálara og einu málverka hennar, sem hún sýnir nú í vestursal Kjarvalsstaða ásamt Jóni Axel og Valgarði Gunnarsyni. Eins og við blasir er hér unnið á nótum expressjónismans, mikil tjáning, svæsin átök og togstreyta, sem birtist m.a. í smærri útskotum frá aðalmyndunum. Björg er fædd 1953 og nam myndlist hér heima og í Listadeild Kaliforníuháskóla. Hún kom fyrst fram hér undir merki nýja málverksins og hefur ekki ennþá yfirgefið þá hugmyndafræði.


Sumurin

nú og í fyrra hafa þótt góð og eru það vissulega í samanburði við köldustu ár aldarinnar, sem eru rétt nýliðin. Efi Sigurður Þór Guðjónsson telur, að þau séu þunnur þrettándi hjá alvörusumrum svo sem 1939 og 1960 og rökstyður hann það með tölum um hitafar og sólskinsstundir.



Verzlunarhverfi

á norðlægum breiddargráðum, þ.á.m. Íslandi, eiga að geta verið undir þaki og verða þá eðlilegur og þægilegur samkomustaður. Lesbókin hefur litið á stærsta verzlunarhverfið undir þaki á Norðurlöndum, Nordstar í Gautaborg, en einnig á yfirbyggða torgið á Seltjarnarnesi og Hagkaupshúsið í Kringlu, sem eru góð spor í áttina hér.



Ófriður

varð í lærða skólanum veturinn 1904 og gerðu nemandur svo harða hríð að rektorum, Birni M. Olsen, að einsdæmi má telja. Um þetta skrifar Þorsteinn Antonsson í þætti sínum „Úr glatkistunni“.

BO CARPELAN

Haustið

Njörður P. Njarðvík þýddi

*Haustið er minn árstími.
Dagarnir heiðir, rökkurgráir,
vegirnir vatnsósa,
þokan mild.
Krefjast einskis, lofa ekki of miklu.
Og þó: það er nálýkt af laufinu sem brennur,
rotnun í heynu,
ís í leirnum,
tómleiki í víðfeðmum vindum,
eins og líkkleði og segl.
Allt dautt, allt slokknandi, allt kyrrt:
kom þessi kennd ekki of snemma,
eins og skuggi,
gljáfægður steinn, lagður á júnidaga?*

Ljóðið er úr nýrri bók, **Ferð yfir þögn** eftir finnlandsænska skáldið Bo Carpelan, sem út er komin í þýðingu Njarðar P. Njarðvík. Í bókinni er úrval úr ljóðum skáldsins og segir í kynningu, að eitt helzta einkenni á ljóðum Carpelans sé dálítið angurvær tjáning hvíldar, hverfuleika, kvöldsvala og hæglátrar kyrrðar. Carpelan er eitt þekktasta ljóðskáld á Norðurlöndum um þessar mundir. Hann hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 1977 fyrir ljóð sín. Visast hér til nánari umfjöllunar á bls. 2.

Sú áratúa mannsins að sækjast eftir teiknum um að hann sjálfur, fjölskylda hans, stétt eða þjóð, sé á einhvern hátt útvalin eða einstök, er undarlegt fyrirbrigði. Á sama hátt og maðurinn heldur að hann sé utan og ofan við náttúruna en ekki hluti af henni sem lúti ákveðnum lögmálum, telur hann eigin skilning á tilverunni, eigin trúarbrögð og siðmenningu alveg einstaka.

Við Íslendingar erum auðvitað ekki öðruvísi en aðrir í þessu efni. Hér hafa verið farnar ótal sjálfupphafningarkrossferðir gegnum tíðina undir merkjum göfugra markmiða.

Einhver undarlegasta þversögn sögunnar er, að margir fylgjendur Meistarans sem færði heiminum fyrirgefninguna og skilninginn, hafa í tímans rás ræktað sektarkenndina og lagt ok samviskukvala á samferðamenn sína, í því augnamiði að færa í eigin hendur vald aflausnar og miskunnsemi. Þetta á ekkert skylt við trú. Enginn þekkir annars hjarta og þótt menn vilji í vanmætti sínum leitast við að vera lærisveinar Meistarans, eru þeir ekki þar með komnir með réttindi til að reka umbodsskrifstofu fyrir almættið á jörðinni.

Á undanförunum vikum hafa sjálfskipaðir handhafar kristindómsins vísað þjóðinni til sætis, ýmist innan garðs eða utan. Hlið guðs ríkis er að sönnu opið, en dyraverðir gæta þess að ekki sleppi aðrir inn fyrir en þeir sem hafa uppáskrifada syndakvittun.

Samkynhneigðu fólki og drykkjusjúklingum er til dæmis vísað frá, en boðið að reyna aftur ef þeir bæta ráð sitt og verða „eins og við hin“.

Líkast til er manneskjan það eina sem ekkert hefur breyst á tvö þúsund árum. Í barnaskóla las maður í biblíusögnum sínum um hina líkþráu, sem hraktir voru út fyrir borgina og bannað að hafa samskipti við annað fólk. Í dag er sagan að endurtaka sig. Líkþráa fólkid okkar er alnæmissjúklingar. Utan úr heimi berast fréttir um að flytja beri slíkt fólk úr einu landi og meina því landvist í öðru. Hér heima virðist vinaleysi, atvinnuleysi og jafnvel útskúfun úr eigin fjölskyldu ætla að verða hlutskipti þeirra sem eru svo ólánsamir að fá alnæmisveiruna.

Kirkjan vill gegna skyldu sinni og opna fadiminn, en fær þá ofanigjöf frá „rétttrúuðum“. Sannkristið fólk í þessum nútímaskilningi vitnar óspart í Bókina og undirstrikar að á hana sé trúað. En jafnvel

sú bók sem er merkust bóka er ekki guð. Ekki fremur en matreiðslubók er matur. Í henni getur hinsvegar búið það sem Sigurður Nordal kallaði leiðsögutílgátur. Samkvæmt fyrirheitinu finna þeir sem leita, en sú leit hlýtur að fara fram innra með hverjum og einum. Þar búa svörin en ekki í einkunnagjöfum þeirra sem benda á syndara til að undirstrika eigið ágæti og þakka guði í heyranda hljóði fyrir að vera ekki eins og aðrir menn.

Vitur Íslendingur benti eitt sinn í blaðavíðtali á mótsögnina í því að **berjast** fyrir friði. Þeir sem vildu raunverulegan frið ættu að leitast við **vera** friður. Þetta á líka við um kristni.

Orðin kristni og friður eru skilgreind í samræmi við vitsmuni, reynslu og skilning þess sem í hlut á hverju sinni. Eins er um orðið guð, sem við höfum búið okkur til, til að nálgast það sem engin orð ná yfir. En spurningin er hvort við höfum ekki fjarlægst það með því að loka það inni í

afmörkuðu hugtaki, persónugera það og karlkenna.

Á öllum tímum hafa menn skynjað þessa uppsprettu og uppi hafa verið vitrir og lítillátir leiðsögumenn, sem flestir hafa boðað að vegurinn þangað lægi gegnum hjarta mannsins. Enginn gæti verið milligöngu- maður og enginn gæti farið þá leið fyrir annan.

Vandræðin hefjast þegar lærisveinarnir misskilja hlutverk sitt og fara að úthluta náð drottins eins og þeim hafi verið sérstaklega trúað fyrir að velja hina verðugu en hafna hinum.

Alkunna er að rithöfundar verða oft furðu lostnir þegar þeir hlusta á túlkun annarra á verkum sínum. Eftir þeim er haft, að þeir hefðu ekki haft hugmyndaflug til að skrifa út frá forsendunum sem lesandinn gaf sér. Þó er í þessum verkum oftast verið að fjalla um nútímann og skírskotað til aðstæðna sem lesandinn þekkir.

Á sama hátt er hægt að læra Bókina sína utan að og vitna í hana aftur á bak og áfram, án þess að skilja hana nema í mjög takmörkuðum skilningi. „Það flýgur hver eins og hann er fíðraður“. Það er út af fyrir sig saklaust þótt menn metist um það hver sé best að sér í kristnum fræðum upp að því marki sem kristindómur er fræðigrein. En kristni og trú hlýtur að vera allt annað.

Menn mega ekki verða svo hrifnir af umbúðunum að þeir gleymi hvað þær eru utan um.

JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR